

## REGLUGERÐ

### um línuvildun á fiskveiðiarinu 2022/2023.

#### 1. gr.

Frá og með 1. september 2022, má við línuveiðar dagróðrabáta með línu, sem beitt er í landi, landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og gullkarfa sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi, að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og gullkarfa sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Heimild þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að línan sé beitt í landi og ekki séu önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra um borð í bátnum.
2. Að línan sé stokkuð upp í landi með þeirri aðferð sem lýst er í 2. gr. og ekki séu önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra um borð í bátnum.
3. Að bátur komi til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða.
4. Að sjálfvirkt tilkynningakerfi bátsins sé virkt.
5. Að útgerðaraðili tilkynni um fyrirhugaðar línuveiðar til Fiskistofu, skv. 4. gr.
6. Að við skráningu afla í löndunarhöfn, í aflaupplýsingakerfið Gafl, komi fram, að veiðarfæri í tilteknum róðri hafi verið landbeitt lína eða lína stokkuð upp í landi samkvæmt upplýsingum útgerðaraðila.

#### 2. gr.

Þegar lína er stokkuð upp í landi skal verkferill vera eftirfarandi:

- a. Lína fer eftir rörum í uppstokkara með burstum um borð í bátnum.
- b. Beita er þar þvegin af.
- c. Þeir krókar sem eru heilir og rata rétta leið raðast á stökk, en línan sjálf fer í kassa ásamt þeim krókum sem ekki eru í lagi.
- d. Sá hluti línunnar, þar sem taumar hafa slitnað af, fer beint í kassann.
- e. Kassar eru síðan hífðir í land í körum og á þann stað sem uppstokkun fer fram.
- f. Uppstokkun fer þannig fram að kassanum er komið fyrir í sérstakt sæti og stökkurinn festur við stærri rekka.
- g. Hver krókur fyrir sig er færður handvirkt inn á þann rekka.
- h. Krókar eru réttir eða bætt á línuna og greitt úr flækjum eða hnútum.
- i. Þegar stökkurinn er tómur er línan flutt aftur á stökkinn sem hún var á og hann lagður í kassa.

#### 3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuvildun í þorski takmarkast við 1.200 tonn, 500 tonn af ýsu, 177 tonn af steinbít, 15 tonn af gullkarfa, 15 tonn af keilu og 20 tonn af löngu, miðað við óslægðan fisk, sem skiptast þannig innan fiskveiðisins:

Tímabil	Þorskur	Ýsa	Steinbítur	Gullkarfi	Keila	Langa
1. September – nóvember	325	225	5	4	8	7
2. Desember – febrúar	500	150	10	4	2	4
3. Mars – maí	320	85	145	5	3	7
4. Júní – ágúst	55	40	17	2	2	2
<b>Samtals:</b>	<b>1.200</b>	<b>500</b>	<b>177</b>	<b>15</b>	<b>15</b>	<b>20</b>

#### 4. gr.

Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils verði náð, sbr. 2. gr. Náist ekki að veiða viðmiðunarafla einhvers tímabils bætast ónýttar heimildir við viðmiðunarafla næsta tímabils á eftir. Fiskistofa tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

5. gr.

Útgerðaraðili skal tilkynna Fiskistofu fyrir fram um upphaf þess tíma sem línuveiðar skv. 1. gr. eru fyrirhugaðar. Fiskistofa ákveður nánar hvernig tilkynningunni skuli háttað. Tilkynningin gildir þar til útgerðaraðilinn tilkynnir um annað.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett, skv. 8. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2022. Jafnframt fellur reglugerð nr. 921/2021, um línuívilnun úr gildi 1. september 2022.

*Matvælaráðuneytinu, 26. ágúst 2022.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 29. ágúst 2022